

Heiti áfanga: SPÆN2EF05

Titill: Andalúsíuáfanginn – ferðaáfangi.

Undanfari: SPÆN2DD – hægt er að taka þessa tvo áfanga samhliða, en nemendur þurfa að sækja um það sérstaklega.

Lýsing: Við lærum allt um hið áhugaverða syðsta hérað Spánar, Andalúsíu, og förum saman í ferðalag þangað í lok maí. Við munum dvelja í yndislegu borginni Granada, en einnig heimsækja aðrar merkilegar borgir og staði héraðsins. Ferðin stendur vanalega yfir í 4-6 daga.

Nemendur þurfa helst að vera 18 ára á árinu sem farið er í ferðina.

Viðfangsefni:

Yfir önnina lærum við um:

...sögu Andalúsíu og arabísk áhrif í héraðinu.

...flamencodans og –tónlist, danskennari kemur í heimsókn og kennir okkur nokkur spor.

...landafræði, helstu borgir, gróður og merkilega staði héraðsins. Við skoðum borgar- og landakort.

...byggingar- og myndlist.

...bókmenntir og ljóð, með aðaláherslu á Federico García Lorca.

...frægt fólk frá héraðinu, m.a. leikara, söngvara og nautabana.

...hvernig andalúsísk spænska er öðruvísi. Við lærum um framburð og sérstakt orðfæri heimamanna.

...dæmigerðan mat og drykk héraðsins. Mögulega eldum við eitthvað gott saman í eldhúsi skólans.

...hátíðir og hefðir Andalúsíu, hátíðarfatnað og -fylgihluti.

Við gerum einnig margs konar æfingar í munnlegri færni með hagnýtan orðaforða að leiðarljósi sem nemendur geta nýtt sér í ferðinni.

Námsmat:

Á önninni gerum við fjölbreytt verkefni, í pörum, hópum og einstaklingsverkefni. Nemendur búa til myndbönd, flytja munnlegar kynningar, skrifa stutta ritgerð, gera veggspjöld og búa sér til ferðamöppu á önninni. Þegar komið er til Spánar

gera nemendur margs konar verkefni í hópum, meðal annars fara þau í ratleiki, taka myndir og segja frá upplifunum bæði munnlega og skriflega.